



Til upplýsingar

Móttakandi: Stafrænt ráð

Dags.: 02.03. 2021

Sendandi: Fjóla María Ágústsdóttir

Efni: Samstarf sveitarfélaga í stafrænni þróun

Í 5. kafla í samkomulags um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga árin 2021–2025, eru sett fram markmið um aukið og nánara samstarf til eflingar stafrænnar þjónustu sveitarfélaga, sbr.:

„2. Áhersla verði á að hagnýta þá upplýsingatækniinnviði sem byggðir hafa verið upp og þekkingu á stafrænum lausnum hins opinbera.

3. Áframhaldandi þróun á miðlægu þjónustugáttinni ísland.is og sameiginlegu rafrænu pósthólfi á þeim vef þar sem opinberir aðilar sameinist um að birta skjöl um starfsemi um sína og þjónustu.“

Til að unnt sé að vinna markvisst að þessum markmiðum þarf að tryggja tvö grundvallaratriði. Í fyrsta lagi þarf að koma á formlegum samstarfstengslum á milli ríkis og sveitarfélaga um stafræna umbreytingu sveitarfélaga og í öðru lagi samstarfstengslum á milli sveitarfélaga til að tryggja að þau séu samstíga í stafrænni framþróun sinni og geti út frá sameiginlegum forsendum nýtt sér þau tækifæri sem stafrænt samstarf við ríkið býður upp á. Unnið hefur verið ötullega að því síðarnefnda frá því að breytingastjóri um stafræna þróun tók til starfa hjá sambandinu í október 2019.

Greinargerð um stöðu vinnu við að koma á samstarfi sveitarfélaga um stafræna umbreytingu.

A. Stafrænt ráð sveitarfélaga.

Með ráðningu breytingastjóra um stafræna þróun í október 2019 gerbreyttust forsendur sambandsins til að vinna að samstarfi sveitarfélaga á þessu sviði. Mikið hefur áunnist á síðasta ári, settur var af stað óformlegur faghópur stafrænna leiðtoga sveitarfélaga sem hefur haft til umræðu uppbyggingu samstarfs og stafræn tækifæri og einnig var sett á laggirnar stafrænt ráð sveitarfélaga, sem er skipað bæjarstjórum og kjörnum fulltrúum tilnefndum af landshlutasamtökum sveitarfélaga, auk fulltrúa Reykjavíkurborgar.

Samkvæmt erindisbréfi er hlutverk stafræna ráðsins að:

- skapa traustari grunn fyrir markvissa forgangsröðun samstarfsverkefna sveitarfélaga um stafræna framþróun og hagsmunagæslu sambandsins fyrir þeirra hönd, sérstaklega gagnvart ríki og hugbúnaðarfyrirtækjum.
- stuðla að samhæftri vinnu sveitarfélaga í stafrænni framþróun.

- styrkja samstarf sambandsins við sveitarfélög um stafræna framþróun þeirra og styðja við vinnu sambandsins þar að lútandi.

B. Samþykkt stjórnar sambandsins um miðlægt tækniteymi sambandsins (stafrænt teymi).

Í framhaldi af kynningu formanns stafræna teymisins og breytingastjóra, samþykkti stjórn sambandsins svohljóðandi bókun á fundi 20. nóvember 2020.:

„Stjórnin er jákvæð fyrir því að stofnað verði miðlægt tækniteymi sambandsins sem kostað verði af sveitarfélögunum skv. tillögu um kostnaðarþáttöku árið 2021. Forsenda þess að teymið verði stofnað er að meginþorri sveitarfélaga taki þátt í verkefninu en mikilvægt er að kynna það vel fyrir sveitarfélögum á næstu vikum. Gert er ráð fyrir að verkefnið sé tímabundið, til tveggja ára fyrst um sinn, með mögulegri framlengingu.

Stjórnin samþykkir einnig tillögu um feril ákvarðanatöku Stafræns ráðs við val á forgangsverkefnum og leggur áherslu á að ferlið verði kynnt vel fyrir öllum sveitarfélögum.“

Kynningar fóru fram hjá öllum sveitarfélögum í samvinnu við landshlutasamtökin í desember 2020 og janúar 2021.

C. Af hverju miðlægt tækniteymi sveitarfélaga og kostnaðarmódel fyrir það.

Mikilvægi stafrænnar umbreytingar er óumdeilt í nútíma samfélagi. Stafræn tækni býður upp á tækifæri fyrir hagkvæmari rekstur sveitarfélaga sem og betri ákvarðanatöku og þjónustu við íbúa. Sveitarfélög landsins þurfa að taka stór skref til að verða ekki eftir í hraðri tækniþróun sem á sér stað nú en til þess hafa þau takmarkað fjármagn, mannafla og þekkingu. Þau þurfa að vinna hratt og forgangsraða til að nýta sér þau tækifæri og tæknimöguleika sem eru í boði. Í þessari vegferð eru mikil samlegðartækifæri í samstarfi sveitarfélaga til að hraða stafrænni framþróun þeirra og ná niður fjárfestingarkostnaði einstakra sveitarfélaga í stafrænum innviðum. Til að ná samlegðarmarkmiðum er nauðsynlegt að styrkja samstarf sveitarfélaga með ráðningu sérfræðinga með þá þekkingu sem til þarf. Stafræna ráðið komst að þeirri niðurstöðu að til viðbótar við starfsmann sambandsins, sem tók til starfa í október 2019 og stýrir verkefninu, sé nauðsynlegt að ráða tvo tæknisérfræðinga og að þessir þrír starfsmenn myndi miðlægt tækniteymi innan sambandsins. Fjármögnun teymisins byggist á kostnaðarþáttöku sveitarfélaga og að meginþorri þeirra taki þátt, sbr. bókun stjórnar sambandsins. Í samræmi við bókun stjórnar verður um tveggja ára verkefni að ræða til að byrja með. Sett hefur upp eftirfarandi kostnaðarmódel til tveggja ára fyrir tvö störf og með möguleika á kaupum á verktaka í tímabundin verkefni.

Kostnaðarþátttaka sveitarfélaga

- I. **Grunnframlög - Skyldugreiðsla allra sveitarfélaga:** Sveitarfélög greiða fast gjald á ári sem tekur mið af

A. íbúafjölda og

- B. Fastri fjárhæð 200.000 kr. á hvert sveitarfélag
- C. Þar sem gert er ráð fyrir að Reykjavíkurborg leggi til vinnu og verkefni frá sínu stafræna teymi er borgin undanþegin greiðslum skv. A og B.

- II. **Framlög til að standa straum af þróun og kaupum á lausnum - Valkvæð greiðsla sveitarfélaga:** Sveitarfélög skrá sig fyrir þátttöku í lausn sem er forrituð eða keypt. Eingöngu sveitarfélög sem hafa greitt grunnframlög geta tekið þátt og einungis þau sveitarfélög sem skrá sig deila kostnaði
- III. **Greiðslur fyrir lausnir sem hafa verið þróaðar.** Sveitarfélög geta keypt aðgang að lausn sem hefur verið þróuð. Greiðsla er út frá því hvað þau hefðu átt að greiða í upphafi, auk álags, t.d. x 1,5

D. Markmið, hlutverk og verkefni miðlægs tækniteymis (stafræns teymi sveitarfélaga).

Meginþorri sveitarfélaga hefur nú samþykkt þátttöku í stafrænu teymi á vegum sambandsins. Stöður tveggja verkefnisstjóra hafa verið auglýstar og verið er að vinna að því að útfæra nánar starf teymisins svo sem hér segir:

Markmið stafræns teymis: Að vinna, í nánu samstarfi við stafrænt ráð sveitarfélaga, að framkvæmd miðlægs samstarfs sveitarfélaga til að auðvelda þeim að verða virkir þátttakendur í stafrænni framþróun og nýta nútímatækni til að bæta þjónustu og samskipti við íbúa

Helstu samstarfsaðilar:

- Stafrænt ráð sveitarfélaga
- Faghópur um stafræna þróun
- Stafræn teymi sveitarfélaga og sérfræðingar viðkomandi málaflokka
- Stafrænt Ísland

Hlutverk stafræns teymis:

- Fylgja eftir ákvörðunum um forgangsverkefni, útfærslu þeirra og framkvæmd fyrir hönd sveitarfélaganna
- Undirbúa, kynna og hafa umsjón með framkvæmd ákvarðana stafræns ráðs sveitarfélaga
- Eiga samstarf við ríkið til að sveitarfélög geti hagnýtt sér upplýsingatækniinnviði og stafrænir lausnir ríkisins, s.s. Island.is, X-road og rafrænt pósthólf fyrir hið opinbera.
- Greina tækifæri í innviðum sveitarfélaga er snúa að tækni, verklagi og mannafla
- Verkefnastýra sameiginlegum verkefnum sveitarfélaga og eftir atvikum í samstarfi við ríkið.
- Leiða gerð sameiginlegrar stafrænnar stefnu, tæknistefnu og -strúktúrs fyrir sveitarfélögin

- Parfaggreiningar og gerð verkefnalýsinga og samninga
- Vinna að verkfærakistu í stafrænni þróun sveitarfélaganna til að bæta gæði stafræna verkefna og samvinnu um þau, t.d. undirbúning þeirra, kostnaðargreiningu, verkefnastýringu, verkefnaskipulagi og innleiðingu.
- Standa að sameiginlegum innkaupum á lausnum þvert á sveitarfélög og veita stuðning við innleiðingu þeirra.
- Miðla þekkingu og reynslu milli sveitarfélaga á verklagi og lausnum

Fyrirhuguð verkefni teymisins árið 2021:

1. Á fundi stafræns ráðs sveitarfélaga 4. nóvember sl. var samþykkt eftir ítarlega skoðun að heppilegasta fyrsta samstarfsverkefni sveitarfélaga sé að þróa sjálfsafgreiðslulausn fyrir fjárhagsaðstoð sveitarfélaga í samstarfi við Stafrænt Ísland og Reykjavíkurborg sem hefur þegar þróað slíka lausn fyrir borgina. Hefur verið gert ráð fyrir að unnt verði að fjármagna þetta fyrsta sameiginlega þróunarverkefni með hluta af 100 millj.kr. Covid-framlagi ríkisins til stafrænnar þróunar sveitarfélaga. Hefur Stafrænt Ísland falið tveimur teyimum (Kolíbrí og Andes), sem starfa á vegum þess, að vinna með sveitarfélögum að þróun þessarar lausnar. Byggt er á því að nýta þá tæknilegu innviði sem ríkið hefur byggt upp og leggja um leið grunn að tækniarkitektúr fyrir sveitarfélögin, sem getur nýst í sameiginlegum framtíðarverkefnum sveitarfélaga og stafræns Íslands. Þetta verkefni verði því eins konar brimbrjótur fyrir samstarfið til framtíðar litið. Samningagerð við teymin er hafin og mun fljótlega skýrast hver kostnaðurinn verður við verkefnið.
2. Vinnustofur vegna forgangsröðunar næstu stafrænu samvinnuverkefna sveitarfélaganna. Lögð verður áhersla á verkefni, sem skila miklum fjárhagslegum ávinningi snemma, og að afurðir verði samstarfsverkefni um sjálfsafgreiðslulausnir, betri nýtingu gagna, deilingu og miðlun lausna milli sveitarfélaga, snjallra hugbúnaðarlausna sem nýtast öllum sveitarfélögum og sameiginlega samningagerð fyrir hönd sveitarfélaga við hugbúnaðarhús og aðra birgja.
3. Skilgreining og undirbúningur forgangsverkefna og gerð vegvísis „roadmap“ fyrir samvinnu sveitarfélaga
4. Fylgja eftir vegvísi verkefna í stafrænni framþróun sveitarfélaga og leiða þróunarverkefni sem munu hefjast á árinu.
5. Leiða vinnu við gerð sameiginlegrar stafrænnar stefnu og tæknistefnu sveitarfélaganna
6. Byggja upp vef sem vettvang til að deila, miðla og upplýsa um stafræna vegferð sveitarfélaganna.